

Nd. 570. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. gr. laga nr. 35 1940 komi nýr másl., svo hljóðandi:
Í Reykjavík er borgarlæknir einnig sjálfkjörinn í nefndina.

2. gr.

Upphaf 6. gr. sömu laga orðist svo:
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal bæjarstjórn o. s. frv.

3. gr.

- a. Á eftir 1. málsgr. 6. gr. sömu laga komi ný (2.) málsgr., svo hljóðandi:
Í Reykjavík skipar bæjarstjórn, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, borgarlækni, er sé embættisgengur læknir. Hann skal vera ráðunautur bæjar-

stjórnar í heilbrigðismálum, hafa með höndum eftirlit og daglegar framkvæmdir samkvæmt heilbrigðissamþykkt í heilbrigðismálum bæjarins, — öðrum en sóttvarnamálum samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933 og lögum nr. 66 19. júní 1933 — og önnur þau störf, er bæjarstjórn kann að fela honum.

Borgarlæknir fær laun úr bæjarsjóði.

b. Önnur málsgr. verði þriðja málsgrein.

4. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsgr. 8. gr. sömu laga komi: 5000 kr.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 44 23. júní 1932 bætist: Í Reykjavík skal borgarlæknir hafa með höndum heilbrigðiseftirlit samkvæmt heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur.

6. gr.

Ef ágreiningur verður um skiptingu starfa milli héraðslæknis og borgarlæknis í Reykjavík, sker heilbrigðisstjórnin úr.

7. gr.

Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér breytingu á starfssviði héraðslæknis í Reykjavík, koma þau til framkvæmda, þegar núverandi héraðslæknir lætur af embætti. Að öðru leyti koma ákvæði laganna þegar til framkvæmda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta er flutt eftir einróma tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Frv. samhljóða þessu að meginefni var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Samkv. lögum nr. 35 frá 1940 eiga bæjarstjórnir að ráða heilbrigðisfulltrúa, sem á að annast daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar undir eftirliti héraðslæknis. Lögin gera engar kröfur um kunnáttu heilbrigðisfulltrúa, prófskilyrði eða læknismennt.

Þegar starf heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík varð laust fyrir nokkru, þótti bæjarstjórninni æskilegt að reyna að fá lækni í það starf til þess að tryggja svo vel sem verða mætti fullkomið heilbrigðiseftirlit í bænum. Jafnhliða þessu var ráðgert af bæjarstjórn og bæjarráði, að staðan yrði gerð að sjálfstæðu starfi undir stjórn bæjaryfirvalda. Á þessum grundvelli tókst að fá ágætan og vel menntaðan lækni, dr. med. Jón Sigurðsson, til þess að taka að sér starfið. Þetta frv. er flutt til þess að hrinda í framkvæmd ofangreindum fyrirætlunum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Af þeim rökum, er hniga til þeirrar nýbreytni, að starf heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík sé sjálfstætt starf undir yfirstjórn bæjarvalda, skulu þessi nefnd:

Laun heilbrigðisfulltrúans eru að öllu greidd úr bæjarsjóði. Langmestur hluti kostnaðar við þau störf, er heilbrigðisfulltrúi stjórnar, er greiddur úr bæjarsjóði, og má þar m. a. nefna sorphreinsun, sem nam hátt á aðra milljón kr. á liðnu ári. Er því eðlilegra, að sá embættismaður, er hefur unnsjón með notkun slíkra fjárhæða bæjarsjóðs, sé háður yfirvöldum bæjarins en ríkisins. Þá er og nauðsynlegt, að sá maður, er hefur hið daglega eftirlit með framkvæmd heilbrigðissamþykktar og því kunnugastur þeim málum, hafi sem frjálsastar hendur til starfans, enda ætti því að vera fullvel borgið í hans höndum, þegar um leið er sett það skilorð, að hann sé lækni að mennt.

Með hliðsjón af því skilyrði þykir rétt að lögfesta heitið „borgarlæknir“ í starfi þessu. Hafa samsvarandi yfirmenn heilbrigðismála á Norðurlöndum tilsvarende heiti (Stadslæge, Stadsläkare).

Þær athugasemdir kunna að heyrast, að með þessu sé mikið af embættisstörfum héraðslæknisins í Reykjavík af honum tekið. En það embætti er nú mjög umfangsmikið. Þótt frumvarp þetta yrði samþykkt, mundi héraðslæknirinn hafa ærið nóg og mikilvæg störf með höndum, svo sem allt farsóttæfirlit og varnir gegn næmum sjúkdómum, veita forstöðu sóttvarnahúsi ríkisins, hafa yfirumsjón með hvers konar sóttþreinsun, skýrslugerð um heilsufar í bænum, skoðanir á skólabörnum, bólu- setningar, skipulagðar rannsóknir á heilsufari barna og unglínga, eftirlit með læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum, lyfjameðferð, vera fulltrúi landlæknis og heilbrigðisstjórnar gagnvart læknum bæjarins, sjálfkjörinn meðlimur heilbrigðisnefndar o. fl., o. fl.

Frumvarp þetta hefur engan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það felur aðeins í sér þá skipulagsbreytingu, að heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík, sem verði nefndur „borgarlæknir“, verði sjálfstæður starfsmaður bæjarstjórnar Reykjavíkur í stað þess að vera undirmaður embættismanns ríkisins, er eigi hefur neitt sjálfstætt vald til boðs eða banns í málum þeim, er til hans taka.

Sektarhámark fyrir brot á heilbrigðissamþykktum er nú svo lágt, að oft getur aðilum orðið tilvinnandi að þverskallast við skipun heilbrigðiseftirlitsmanna um lagfæringar. Er því stungið upp á breytingu í því efni.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að þessi nýja skipan á starfssviði héraðslæknis og borgarlæknis komi þá fyrst til framkvæmda, er héraðslæknirinn í Reykjavík, Magnús Pétursson, lætur af embætti. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að hann veiti borgarlækni sem frjáltsastar hendur um heilbrigðiseftirlitið, enda hefur Magnús Pétursson fagnað því að fá læknisfróðan mann til þessara starfa með sér.“

Þessu frv. var í fyrra vor vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Minni hl. hennar lagði til, að frv. væri samþykkt, en meiri hl. vildi afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Varð að samkomulagi við ráðherra heilbrigðismála að fresta afgreiðslu frv., gegn því að hann beitti sér fyrir tilraunum til samkomulags milli heilbrigðisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um málið.

Eftir að þetta bráðabirgðasamkomulag hafði orðið á Alþingi í fyrra, gaf héraðslæknir svo hljóðandi yfirlýsingu, 18. marz 1948, að tilhlutun heilbrigðismálaráðherra:

„Heilbrigðisfulltrúi, dr. med. Jón Sigurðsson, annast fyrst um sinn og þangað til öðruvísi verður ákveðið allt heilbrigðiseftirlit í bænum, samkvæmt heilbrigðissamþykkt, í fullu umboði mínu. Framvegis ber mönnum því að snúa sér til hans með allar umkvartanir þessu viðvikjandi.

Héraðslæknirinn.“

1. apríl s. á. samþykkti bæjarstjórn svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn ályktar að fela heilbrigðisfulltrúa bæjarins að vera ráðunautur bæjarstjórnar og borgarstjóra um heilbrigðismál bæjarins, svo sem sjúkrahúsmál, fjárveitingar til heilbrigðismála o. fl., auk þess sem hann annast heilbrigðiseftirlit samkv. því, er lög og samningar mæla fyrir á hverjum tíma. Skal hann nefnast borgarlæknir og taka laun samkv. IV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.“

Á grundvelli yfirlýsingar héraðslæknis og ályktunar bæjarstjórnar opnaði borgarlæknir skrifstofu 1. júní og réð sér til aðstoðar eftirlitsmenn, til að geta annazt allt heilbrigðiseftirlit í bænum.

En sama dag sem skrifstofan var opnuð barst borgarlækni tilkynning frá landlækni um, að héraðslæknir hefði afturkallað yfirlýsingu sína frá 18. marz. Bréf héraðslæknis er að vísu dagsett 17. apríl og stílað til landlæknis, en hann ekki komið því á framfæri fyrr en 1. júní. Bréf þetta er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 17. apríl 1948.

Út af ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur þann 30. marz síðastl. um að gera heilbrigðisfulltrúann, dr. med. Jón Sigurðsson, að borgarlækni, vil ég hér með láta yður vita, herra landlæknir, að ég tel mig ekki bundinn fremur en verkast vill við samkomulag það, sem varð á skrifstofu yðar þann 18. marz síðastl., um að fela heilbrigðisfulltrúanum ýmislegt heilbrigðiseftirlit í bænum í mínu umboði, þar sem mér virðist forsendurnar fyrir því samkomulagi ekki lengur fyrir hendi.

Þetta vil ég hér með láta yður vita, herra landlæknir, þar sem þetta samkomulag var fastmælum bundið fyrir yðar milligöngu, og vænti ég, að þér tilkynnið það dr. Jóni og þá einnig heilbrigðismálaráðherra, sem komið mun hafa þessu af stað.

Magnús Pétursson.“

Síðan þetta gerðist hefur borgarlæknir starfað, ásamt hinu ráðna starfsfólki sínu, að heilbrigðiseftirliti og hreinlætismálum í Reykjavík og unnið þar ágætt starf í þágu bæjarins. En þessi starfsemi nýtir sín ekki fyrr en borgarlæknir hefur fengið það vald, sem þetta frv. á að veita honum.

Að tilhlutun ráðherra heilbrigðismála hafa viðræður átt sér stað milli aðila um málið. Hefur ráðherrann lagt fram tvær uppástungur, sem bæjarráð Reykjavíkur hefur ekki getað fallið á og talið sízt til bóta. Þar sem vonlaust virðist um samkomulag, er mál þetta flutt að nýju.

Því hefur verið haldið fram, að starfsskipting milli héraðslæknis og borgarlæknis yrði ekki nógu glögg eftir frv. Þetta er misskilningur, og mun starfsskiptingin verða tiltölulega auðveld í framkvæmd. En ef ágreiningur kæmi upp, er ætlað til, að heilbrigðisstjórnin skeri úr.

Þá var að því fundið í fyrra, að með frv. væri ekki gert ráð fyrir breytingu á lögnum nr. 44 frá 1932, um skipun læknishéraða, og er því ákvæði nú bætt inn í frumvarpið.

Einnig var því í fyrra borið við, að samtök lækna væru andvíg þessari skipan málanna, sem frv. fer fram á. Bæði Læknafélag Reykjavíkur og Læknafélag Íslands hafa rætt þessi mál. 17. marz 1948 var svo hljóðandi tillaga samþykkt á fundi Læknafélags Reykjavíkur:

„Framhaldsaðalfundur Læknafélags Reykjavíkur 17. marz 1948 lýsir sig fylgjandi frv. því til laga um stofnun borgarlæknisembættis, sem nú liggur fyrir Alþingi.“

Á aðalfundi Læknafélags Íslands 21. ágúst 1948 var lagt fram álit nefndar, sem kosin hafði verið til að athuga stofnun borgarlæknisembættis í Reykjavík, og segir í álitinu hennar m. a. að nefndin telji eðlilegt, að Reykjavíkurbær vilji ráða miklu um verksvið og starf þessa starfsmanns síns, sem hann kosti að öllu leyti sjálfur, og þyki mikið við liggja, hversu til tekst, og að hún áliti það ávinning, að ráðinn hafi verið læknir til að hafa eftirlit með og annast framkvæmdir á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur. Taldi nefndin það, að þessari stöðu hefði verið gefið borgarlæknisnafn, heppilegt að því leyti, að það tryggði, að maður með læknismenntun yrði jafnan valinn í hana, og að það væri eðlilegt, að vald hans og starfssvið yrði aukið frá því, sem var á meðan ólæknisfróður maður gegndi stöðunni.

Bæjarstjórn Reykjavíkur telur svo mikið í húfi að tryggja sem bezt heilbrigðiseftirlit í bænum, að hún hefur boðizt til að greiða kostnað við það og létta því af ríkissjóði. Mætti það furðulegt heita, ef Alþingi hafnaði slíku boði. Fyrir bæjarstjórn vakir það eitt, að heilbrigðiseftirlitið verði sem öruggast, enda mikilla umbóta þörf. Bæjarstjórnin hefur sýnt vilja sinn í þessu efni með því að ráða lækni til eftirlitsins, en þá er einnig óhjákvæmilegt að skapa honum þá aðstöðu, að hann geti rækt heilbrigðiseftirlitið sem bezt.